

**Þingsályktun**

**um könnun á stöðu handmenntakennslu í grunnskólanum eftir gildistöku laga um grunnskóla, nr. 63/1974.**

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram könnun á áhrifum laga um grunnskóla, nr. 63/1974, á handmenntakennslu grunnskólabarna. Að lokinni könnuninni verði gerðar tillögur um fyrirkomulag handmenntakennslu í framtíðinni með tilliti til breyttra þjóðfélagshátta og reynslu síðustu ára.

Niðurstöður könnunarinnar og tillögur skuli lagðar fyrir sameinað þing.

*Samþykkt á Alþingi 11. maí 1988.*

